

Mánudaginn 29. mars 1982.

Nr. 178/1981. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Jóni Árnasyni

(Jón Oddsson hrl.).

Þjófnaður. Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thorodd-
sen og Sigurgeir Jónsson.

Héraðsdómi var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar með stefnu 19. júní 1981, en einnig áfrýjað til þyngingar af hálfu ákærvalds. Af hálfu ákærða var krafist vægari refsingar en í hinum áfrýjaða dómi. Bótakröfum var ekki mótmælt.

Agrip barst Hæstarétti 18. desember 1981.

Eftir uppkvaðningu hins áfrýjaða dóms hefur ákærði hlotið 2 refsidóma. Hinn 10. ágúst 1981 var hann í sakadómi Reykjavíkur dæmdur í 2 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Brot þau, sem refsað er fyrir með dómi þessum, voru framin í fyrstu viku maímánaðar 1981, eða fyrir uppsögu hins áfrýjaða dóms. Hinn 26. nóvember 1981 var ákærði í sakadómi Reykjavíkur dæmdur í 3 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga. Brot þau, sem refsað er fyrir með dómi þessum, voru framin hinn 7. apríl 1981 og 2. júlí 1981. Eru dómar þessir því báðir um hegningarauka.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann að því er varðar refsingu ákærða, skaðabætur og sakarkostnað.

Skaðabótakröfur samkvæmt 1. tölulið, 4. tölulið og 7. tölulið dómsorðs héraðsdóms beri vexti svo sem hér greinir: Frá tilgreindum upphafsdögum í héraðsdómi, 17. og 24. september 1980, til 1. júní 1981 35% ársvexti, frá þeim degi til uppsögu dóms þessa 34% ársvexti, en síðan með vöxtum

eins og af almennum sparisjóðsbókum, svo sem þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 2.500.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða, Jóns Árnasonar, skaðabætur og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði borgarsjóði Reykjavíkur vexti af dæmdum skaðabótum frá 17. september 1980 og Smiðjukaffi og Kaupstefnunni frá 24. september s. á., 35% ársvexti til 1. júní 1981, 34% ársvexti frá þeim degi til uppsögu dóms þessa, en síðan með vöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma af almennum sparisjóðsbókum, til greiðsludags.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Odds-sonar hæstaréttarlögmanns, 2.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 29. maí 1981.

Ár 1981, föstudaginn 29. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni yfirsakadómar, kveðinn upp dómur í málinu nr. 240/1981: Ákærvaldið gegn Jóni Árnasyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 20. þ. m., gegn Jóni Árnasyni, Írabakka 6, Reykjavík, fæddum 30. júní 1941 í Reykjavík, „fyrir eftirtalin brot:

I. Stolið úri og tékkhefti á Iðnaðarbanka Íslands hf., útibúið í Hafnarfirði, laugardaginn 30. ágúst 1980 að Spítalastíg 4 í Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Falsað úr nefndu tékkhefti 11 tékka og notað í viðskiptum. Nafn útgefanda Jón Eðvarðsson. Reikningsnúmer 3005, nema annars sé getið. Tékkarnir allir til handhafa og notaðir í Reykjavík, nema annað sé nefnt, til greiðslu á vörum og þjónustu og fengnir peningar til baka til að fjármagna áfengis kaup:

1. Nr. 391463, kr. 50.000, dags. 31. ágúst 1980. Seldur í Laugar-
dalshöllinni.

2. Nr. 391464, kr. 50.000, dags. 30. ágúst 1980. Seldur í sæl-
gætissölu að Grundarstíg 12.

3. Nr. 391465, kr. 50.000, dags. 30. ágúst 1980. Seldur í veit-
ingahúsinu Nessý, Austurstræti.

4. Nr. 391467, kr. 25.000, dags. 31. ágúst 1980. Seldur í Smiðju-
kaffi, Smiðjuvegi 14, Kópavogi.

5. Nr. 391469, kr. 65.000, dags. 30. ágúst 1980. Seldur í versl-
uninni Krónunni, Mávahlíð 25.

6. Nr. 391470, kr. 10.000, dags. 31. ágúst 1980. Greitt fyrir
akstur í leigubifreið.

7. Nr. 391471, kr. 50.000, dags. 31. ágúst 1980. Seldur í Laugar-
dalshöllinni. Reikningsnúmer 5030.

8. Nr. 391472, kr. 50.000, dags. 31. ágúst 1980. Seldur í Laugar-
dalshöllinni. Reikningsnúmer 5030.

9. Nr. 391473, kr. 50.000, dags. 1. september 1980. Seldur í
versluninni Boltamanninum, Laugavegi 27. Reikningsnúmer
5030.

10. Nr. 391474, kr. 50.000, dags. 1. september 1980. Seldur
í Teppabúðinni, Hverfisgötu 49. Reikningsnúmer 5030.

11. Nr. 391475, kr. 50.000, dags. 31. ágúst 1980. Seldur í Laug-
ardalshöllinni. Reikningsnúmer 5030.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga
nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til
greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Í málinu hafa verið gerðar bótakröfur á hendur ákærða sem
hér greinir (vísað í svigum til viðeigandi ákæruliðar):

Borgarsjóður Reykjavíkur (II, 1) 50.000 krónur ásamt dráttar-
vöxtum (krafa gerð 17. sept. 1980).

Atli Már Sigurðsson, Ljósalandi 23, (II, 2) 50.000 krónur.

Veitingahúsið Nessý (II, 3) 50.000 krónur.

Smiðjukaffi, Kópavogi, (II, 4) 25.000 krónur auk vaxta og kostnaðar (krafa gerð 24. sept. 1980).

Fanney Magnúsdóttir, Staðarbakka 22, (II, 5) 65.000 krónur.

Alfreð Kristinsson, Lækjargötu 6 A, (II, 6) 10.000 krónur.

Kaupstefnan (II, 7, 8 og 11) 150.000 krónur auk vaxta og kostnaðar (krafa gerð 24. sept. 1980). Áfallinn kostnaður er skv. framlögðum gögnum samt. 9.650 krónur.

Verslunin Boltamaðurinn, Laugavegi 27, (II, 9) 50.000 kr. ásamt útlögðum kostnaði, 4.825 kr., alls 54.825 kr.

Teppabúðin, Hverfisgötu 49, (II, 10) 50.000 kr. ásamt áföllnum kostnaði (4.825 kr.).

Síðdegis laugardaginn 30. ágúst f. á. var ákærði í veitingahúsinu Óðali og fór þaðan heim með manni, sem hann hitti þar af tilviljun, en þekkti ekkert, Jóni Eðvarðssyni, Spítalastíg 4. Sátu þeir þar að sumbli. Ákærði tók þarna að ófrjálsu og sló eign sinni á úr Jóns og tékkhefti.

Sama dag og næstu daga ritaði ákærði tékka á eyðublöð úr hefti Jóns og falsaði nafn hans sem útgefanda að öllum tékkunum. Er sannað, að hann notaði í viðskiptum ellefu slíka tékka. Tékkar þessir hafa allir verið notaðir kringum mánaðamótin og hafa allir verið komnir í banka 2. sept. skv. stimplunum á tékkana. Gerð tékkanna er rétt lýst að öllu leyti í ákærinni. Þar er notkun þeirra einnig rétt lýst, en ákærði notaði tékkana alla í staðgreiðsluviðskiptum, og hefur fjárvinningur hans af þeim numið samanlagt 500 þúsund krónum.

Ákærði, sem játað hefur brot sín greiðlega og skýlaust, segist hafa týnt úrinu.

Notkun hinna ellefu fölsuðu tékka varðar við 155. gr. alm. hegningarlaga og þjófnaðurinn á úrinu og tékkheftinu við 244. gr. sömu laga.

Ákærði á langan brotaferil að baki, og verða fyrri refsisdómar hans taldir hér upp:

1958 8 mán. skilorðsbundið fangelsi fyrir þjófnað.

1959 1.500 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.

1960 15 mán. fangelsi fyrir þjófnað.

1965 7 mán. fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað.

1965 1 mán. fangelsi (hegningarauki) fyrir þjófnað og hylmingu.

1966 3 mán. fangelsi fyrir þjófnað.

1967 6 mán. fangelsi fyrir þjófnað.

1967 1 árs fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað.

1968 6 mán. fangelsi fyrir svik.

- 1971 18 mán. fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað.
 1972 8 mán. fangelsi fyrir skjalafals.
 1975 6 mán. fangelsi fyrir þjófnað.
 1975 5 mán. fangelsi fyrir þjófnað.
 1975 sakfelldur fyrir skjalafalsbrot, en refsing ekki dæmd.
 (Tveir dómur 19. des. með sams konar niðurstöðu).
 1978 2 mán. fangelsi fyrir þjófnað.
 1978 5 mán. fangelsi fyrir skjalafals, þjófnað og svik.
 1980 (29. febr.) 4 mán. fangelsi fyrir skjalafals.
 1980 (8. maí) 60 daga fangelsi fyrir þjófnað.

Refsing ákærða verður ákveðin með hliðsjón af 72. gr. almennra hegningarlaga fangelsi 10 mánuði.

Fjárkröfur þær, sem gerðar hafa verið, hefur ákærði samþykkt, og verða þær teknar til greina. Kröfurnar eru allar gerðar á sl. ári, og verða bætur tilgreindar í dómSORði í nýkrónum. Þar sem vaxta er krafist, verða dæmdir dómvextir skv. lögum 56/1979 og taldir frá því krafa var gerð, þar sem ekki er tilgreint annað tímamark í kröfugerðinni. Kröfur vegna útlagðs kostnaðar og vaxta verða teknar til greina, en málskostnaður af kröfunum verður ekki dæmdur.

Ákærði verður dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Árnason, sæti fangelsi 10 mánuði.

Ákærði greiði:

1. Borgarsjóði Reykjavíkur 500 krónur ásamt hæstu innlánsvöxtum frá 17. sept. 1980 til greiðsludags.
 2. Atla Má Sigurðssyni 500 krónur.
 3. Veitingahúsinu Nessý 500 krónur.
 4. Smiðjukaffi 250 krónur ásamt hæstu innlánsvöxtum frá 24. sept. 1980 til greiðsludags.
 5. Fanneyju Magnúsdóttur 650 krónur.
 6. Alfreð Kristinssyni 100 krónur.
 7. Kaupstefnunni 1.596.50 krónur ásamt hæstu innlánsvöxtum frá 24. sept. 1980 til greiðsludags.
 8. Versluninni Boltamanninum 548.25 krónur.
 9. Teppabúðinni 548.25 krónur.
- Ákærði greiði kostnað sakarinnar.